

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 32/1998

## Auglýsing Celsus á „Life Extension“

### I.

#### Málavextir

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Lyfjæftirliti ríkisins, dags. 27. júlí 1998, þar sem kvartað er yfir auglýsingu á „Life Extension“ sem birtist í Morgunblaðinu þann 24. júlí sl. Fyrirsögn auglýsingarinnar, sem birt er undir nöfnum nokkurra apóteka, er:

*„Fyrir þá sem vilja njóta lífsins... eftir fertugt!“*

Í auglýsingunni segir að efnið sé fæðubótarefni og um áhrifin segir:

*„Grípur inn í óæskilega hrörnun líkamans, og það sem betra er, snýr þróuninni til baka. Aukið andlegt jafnvægi og hæfni til að takast á við álag og áreiti. Léttari lund. Eykur lífsþrótt og úthald. Betri svefn. Bætt kynlíf. Meiri liðugleiki. Skarpara minni. Þykkara hár og sterkari neglur. Sléttari og stinnari húð.“*

Í erindi Lyfjæftirlitsins segir m.a.:

*„Í auglýsingunni er að finna fjölda fullyrðinga um eiginleika vörunnar sem Lyfjæftirlit ríkisins dregur í efa að eigi við rök að styðjast.“*

*Lyfjæftirlit ríkisins óskar eftir að kannað verði hvort umrædd auglýsing brjóti í bága við ákvæði VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993, þar sem fjallað er um óréttmæta viðskiptahætti.“*

## II. Málsmeðferð

Samkeppnisstofnun sendi, þann 7. ágúst 1998, kvörtun Lyfjaeftirlits ríkisins til umsagnar apótekunum sem tilgreind voru í auglýsingunni. Innflytjanda efnisins, Celsus heildverslun, var sent afrit bréfanna en hans er hvergi getið í auglýsingunni. Jafnframt var með vísan til 21. gr. samkeppnislaga óskað sannana fyrir fullyrðingunum sem komu fram í auglýsingunni.

Samkeppnisstofnun bárust svör frá nokkrum apótekanna þar sem frá því var skýrt að nöfn apótekanna væru birt sem útsölastaðir en auglýsingin birt og samin af Celsus.

Svar Celsus er dagsett 20. ágúst 1998 og þar segir m.a.:

*„Meðfylgjandi sendi ég ljósrít sem gefa útskýringu á þeim næringarefnum sem Life Extension inniheldur og hvaða þýðingu þau hafa fyrir mannslíkamann. Vissulega hafa í gegnum tíðina verið skiptar skoðanir um óbyggjandi þýðingu næringarefna fyrir líkamann. En auknar rannsóknir sl. ár hvað varðar varnar- og uppbyggingarstarfsemi líkamans hafa styrkt enn frekar mikilvægi rétt samsettrar næringarefna fyrir líkamann...*

*Hluti af fullyrðingum auglýsingarinnar, er byggður á því að þegar einn eða fleiri þættir líkamsástands hafa komist í betra horf hefur reynslan leitt í ljós að fleiri jákvæðar breytingar verða í kjölfarið, sem dæmi „bætt kynlíf“. Vænti ég að þetta sé nægjanleg skýring á orðalagi auglýsingarinnar.*

*Auglýsingin er alfarið á mína ábyrgð og eru viðkomandi apótek eingöngu útsölastaðir og bera enga ábyrgð á orðalagi auglýsingarinnar.“*

Með svari Celsus fylgdu ljósrít úr bókum um bætiefni.

## III. Álit auglýsinganefndar

Á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, þann 11. september 1998, var fjallað um auglýsingu Celsus. Fundinn sátu: Atli Freyr

Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

*„Að mati auglýsinganefndar er ekkert í þeim gögnum sem borist hafa frá innflytjanda „Life Extension“ sem færir sönnur á að varan hafi þann áhrifamátt á líkamsstarfsemina sem auglýstur er. Af því leiðir það mat auglýsinganefndar að auglýsingin sé röng og villandi og brjóti þar með gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnilaga. Leggur nefndin til við samkeppnisráð að auglýsingin verði bönnuð“*

#### **IV. Niðurstöður**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Í máli þessu er til umfjöllunar auglýsing Celsus á fæðubótarefninu „Life Extension“ með fyrirsögninni „Fyrir þá sem vilja njóta lífsins... eftir fertugt!“.

21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 hljóðar svo:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Samkeppnisráð er sammála því áliti auglýsinganefndar að ekkert í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram til stuðnings fullyrðingum auglýsingarinnar séu fullnægjandi til sönnunar þeim. Auglýsingin er því brot á ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga og telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna frekari birtingu hennar.

V.  
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Celsus, Sörlaskjóli 50, Reykjavík, að birta auglýsingu á „Life Extension“ með fyrirsögninni „*Fyrir þá sem vilja njóta lífsins... eftir fertugt!*“ þar sem hún inniheldur ósannaðar fullyrðingar.

**Bannið tekur gildi við birtingu“**